

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 128/820**  
**komudagur 21.1.2003**



HÁSKÓLI ÍSLANDS

HEIMSPEKIDEILD

Reykjavík, 20. janúar 2003

Menntamálanefnd  
Alþingis

Núna rétt fyrir helgina barst mér til umsagnar 'frumvarp til Þjóðminjalaga, 382. mál, verkaskipting, minjaverðir o.fl.' Erindið kom frá skrifstofu rektors Háskóla Íslands og er sjálfsagt sent mér þar sem ég er um þessar mundir formaður sagnfræðiskorar við Háskóla Íslands og fornleifafræði er kennd í skorinni.

Aðalatriði málsins er að með frumvarpinu er stefnt að því að breyta hlutverki og stöðu minjavarða. Þeir heyra undir Fornleifavernd ríkisins en með frumvarpinu er stefnt að því að þeir heyri undir Þjóðminjasafn Íslands, verði starfsmenn þess. Engu að síður er þeim ætlað að sinna verkefnum á vegum Fornleifaverndar. Með þessu yrði gengið þvert á grunnhugsun þá sem ákveðið var að ráða skyldi stjórnarháttum við hina nýju stofnun, Fornleifaverndina.

Meginhugmyndin í gildandi skipan er að greina að stjórnslu og rannsóknir, þannig að stofnun sem veitir leyfi til rannsókna og hafa skal eftirlit með þeim, Fornleifaverndin, skuli ekki sjálf láta stunda rannsóknir. Þetta skal ráða starfi Fornleifaverndar sem leyfist ekki að bjóða í fornleifarannsóknir eða sækja í sjóði til að stunda þær. Henni skal að vísu vera heimilt að stunda björgunarrannsóknir (neyðarrannsóknir) en ekki meira og til þeirra skal henni ætlað sérstakt fé. Í samræmi við þessa hugsun skulu minjaverðir ekki stunda eiginlegar rannsóknir, þeir skulu vera faglegir umsagnar- og eftirlitsmenn um fornleifarannsóknir, umhverfismat og skipulagsmál.

Með því að skipa minjavörðum undir Þjóðminjasafnið virðist ofangreind aðgreining úr sögunni. Stefnt virðist að því að gera minjaverði að eins konar safnvörðum, öðru fremur, fela þeim vörslu safngripa, kirkjugripa, formmuna og húsa eða eftirlit með þessu. Kjörið virðist að fela byggðasöfnum slík störf, etv. í umboði Þjóðminjasafns, en ekki minjavörðum, eins og núverandi stöðu þeirra er háttáð. Rétt er að gera mun á minjavörðum og safnvörðum.

Þjóðminjasafni er heimilt að láta fara fram fornleifarannsóknir á sinum vegum enda hefur það fornleifafræðinga í þjónustu sinni, fastráðna og lausráðna. Mundi þá minjavörðum leyfast að stunda fornleifauppgröft á vegum Þjóðminjasafns eða jafnvel alveg frjálst? Og eiga þeir jafnframt að hafa eftirlit með uppgrefti sjálfra sín og annarra? Varla er hugmyndin sú að banna Þjóðminjasafni að láta stunda fornleifarannsóknir með uppgrefti.

Vel má hugsa sér að sett verði í reglugerð einhver takmarkandi ákvæði þannig að leyfi minjavarða til að taka þátt í eiginlegum fornleifauppgrefti séu háð skilyrðum. Vandséð er þó hvernig það gæti verið og eftir sem áður yrði þeim ætlað að fylgjast með uppgrefti á vegum Þjóðminjasafnsins. Yrði auðvitað ankannalegt og fela þeim að hafa eftirlit með fornleifarannsóknnum á vegum Þjóðminjasafns þar sem þeir starfa sjálfir.

Menn sem ekki þrífast í starfi minjavarða, eins og því er háttáð, og vilja fremur sýsla við muni, eða grafa, ættu fremur að leita starfa á söfnum eða ráða sig til fornleifauppgraftar.

Vanahugsun og stundarhagsmunir mega ekki móta stefnuna um stjórnarhætti við eftirlit með fornleifarannsóknnum heldur langtímasjónarmið um faglegt mat og sjálfstætt, óháð, eftirlit. Breytingin sem stefnt er að í frumvarpinu virðist geta haft í för með sér að fótunum verði nánast kippt undan starfi Fornleifaverndar. Vonandi verður það viðhorf ríkjandi að greina að framkvæmd og eftirlit.

Með vinsemd og virðingu

*Helgi Þorláksson*  
Helgi Þorláksson

formaður sagnfræðiskorar  
Háskóla Íslands